

**1989 nr. 83 1. júní****Lög um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga**

■ **1. gr.** Myndaður skal sjóður sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana, stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins og bygginga sem vernda þarf að mati Þjóðminjasafnsins og samkvæmt tillögum þess. Þá skal verja sjóðnum í upphafi til þess að ljúka byggingu Þjóðarbókhlöðunnar. Sjóðurinn er í vörslu menntamálaráðuneytisins.

■ **2. gr.** Tekjur sjóðsins eru:

1. Sérstakur eignarskattur, sbr. 3.–6. gr.<sup>1)</sup>
2. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
3. Vextir af inneignum sjóðsins á bankareikningum.
4. Gjafir.

□ Tekjur sjóðsins skulu jafnharðan og þær innheimtast færðar honum til tekna.

□ Sjóðnum er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar samkvæmt ákvæðum í fjárlögum og lánsfjárlögum hverju sinni.

<sup>1)</sup> Sbr. þó ákvæði l. 130/1997, 1. gr.

■ **3. gr.** Sérstakur eignarskattur, er rennur til sjóðsins, sbr. 2. gr., skal frá og með gjaldárinu 1990 lagður á eignarskattstofn, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og skal hann vera þannig:

a. [0,25% á þann eignarskattstofn manna, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram [5.277.058 kr.]<sup>1)</sup> . . . ]<sup>1)</sup> Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs né heldur þá menn sem nutu örorkulífeyris skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar,<sup>2)</sup> með síðari breytingum, á því tekjuári sem næst er á undan álagningarári.

b. 0,25% á eignarskattstofn lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr. sömu laga, ákvarðaðan samkvæmt ákvæðum 80.–82. gr. greindra laga. [Þó skal ekki lagður sérstakur eignarskattur á eignarskattstofn dánarbús í lok andlátsárs, sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og manna sem takmarkaða skattskyldu bera skv. 3. gr. sömu laga, nema að því leyti sem stofninn er umfram 5.277.058 kr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 154/1995, 1. gr. <sup>2)</sup> Ná l. 117/1993.

■ **4. gr.** Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu þessa sérstaka eignarskatts eftir því sem við á.

■ **5. gr.** Sérstakan eignarskatt samkvæmt lögum þessum er ekki heimilt að draga frá tekjum við ákvörðun tekjuskattstofns og útsvarsskyldra tekna og við álagningu tekjuskatts, útsvars og annarra skatta og gjalda sem miðast við greinda gjaldstofna. Um frádrátt þessa sérstaka eignarskatts til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskattstofns fer eftir lokaákvæðum 1. mgr. 76. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

■ **6. gr.** Með sérstakan eignarskatt samkvæmt lögum þessum skal fara á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtt persónuafsláttar skv. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laga nr. 75/1981.

■ **7. gr.** Menntamálaráðherra skipar þrjú menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu kirkjumálaráðuneytisins og tvo án tilnefningar, og skal annar hafa sérþekkingu á sviði þjóðminjavernðar. Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu þrjú menn í stjórnina til jafnlangs tíma. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi stjórnarmanna.

■ **8. gr.** Sjóðsstjórn ákveður framlög úr sjóðnum í byrjun hvers árs þegar fjárlög hafa verið samþykkt.

□ Stjórnin lætur vinna áætlun um verkefni sjóðsins til fimm ára og endurskoðar hana árlega. Skal slík áætlun kynnt Alþingi ár hvert við undirbúning fjárlaga.

■ **9. gr.** Um framkvæmdir, sem kostaðar eru af sjóðnum, skal fara samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við getur átt.

■ **10. gr.** Kostnaður við rekstur sjóðsins, þar á meðal þóknun stjórnarmanna samkvæmt ákvörðun menntamálaráðherra, greiðist af fé sjóðsins.

□ Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í Stjórnartíðindum.

■ **11. gr.** Menntamálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

■ **12. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

□ Lögin falla úr gildi 31. desember 1999.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þar til byggingu Þjóðarbókhlöðu er lokið skal sérstakur eignarskattur samkvæmt lögum þessum renna til þeirrar framkvæmdar eftir því sem þörf krefur.